

# Setningar og málsgreinar (aðal- og aukasetningar)

Lilja Guðný

# Hvað er setning?

- Setning er orðasamband sem hefur eina umsögn, ósamsetta eða samsetta.
  - Umsögn er sagnorð –
    - þó ekki í nh. (að fara) eða lh.nt. (farandi)
- Dæmi:
  - Hér er ég.
  - Anna hefur oft farið til útlanda.
  - Snjóar?
  - Gakk!

# Hvað er málsgrein?

- Málsgrein er gerð úr einni, tveimur eða fleiri setningum.
  - Úr einni setningu:
    - Anna er lögfræðingur.
  - Úr þremur setningum:
    - Ég veit **að** þú kemur á morgun **af því að** veðrið er svo vont.
- Málsgrein felur alltaf í sér sjálfstæða hugsun.
- „Málsgrein hefst á stórum staf og endar á punkti eða ígildi punkts.”

# Aðalsetningar

- Aðalsetningar sem standa fremst í málsgrein geta hafist á u.þ.b. hvaða orði sem er.
- Inni í málsgrein eru aðalsetningar tengdar með:
  - **aðaltengingum** eða
  - **kommu**
- Dæmi:
  - Börnin klifruðu í trjánum **en** maðurinn sló grasið.
- Aðaltengingar eru einnig notaðar til að tengja saman einstök orð.
  - Jón **og** Gunna eru hjón.

# Aðaltengingar

- Aðaltengingar eru:  
en, heldur, enda, og, eða, ellegar, bæði -- og,  
hvorki -- né, annaðhvort -- eða, ýmist -- eða.

# Aukasetningar

- Allar aukasetningar eru ósjálfstæðar, þ.e. segja ekki fulla hugsun og geta ekki staðið einar og óstuddar sem málsgreinar.
- Aukasetningar hafa fastar og ákveðnar tengingar.
- Tengiorð aukasetningar eru:
  - **aukatengingar**
  - **spurnarfornöfn** (hver, hvor, hvaða, hvílíkur)
  - **spurnaratviksorð** (hin hv- spurnarorðin)


# Helstu aukatengingar í íslensku

- Skýringartenging:
  - að.
- Spurnartengingar:
  - hvort, hvort – eða, hvort sem – eða.
- Tilvísunartengingar:
  - sem, er, þar sem, þangað sem, þaðan sem, hvert sem, hvar sem, hvaðan sem, hvernig sem, hvenær sem.
- Orsakatengingar:
  - af því að, fyrir því að, með því að, úr því að, því að, sakir/sökum þess að, vegna þess að, þar eð/sem, fyrst.
- Afleiðingartengingar:
  - svo að, að.

# Helstu aukatengingar í íslensku – frh.

- Skilyrðistengingar:
  - ef, nema, svo framarlega sem.
- Viðurkenningartengingar:
  - þó að, þótt, enda þótt, jafnvel þótt, fyrir (það) að.
- Tíðartengingar:
  - áður en (fyrr en), þegar (er, þá er), (á) meðan, eftir að, síðan (frá því (að/er)), uns (þangað til (að), þar til (að/er)), um leið og (undireins og, strax og, jafnskjótt og/sem), sem.
- Samanburðartengingar:
  - eins og, og, sem, svo sem, (heldur) en; því – sem – því/þeim mun.

# Hryllingur????????

- Við reynum að einfalda málið og lærum...
  - aðaltengingar (þær eru bara 10).
  - að aðalsetningar sem eru fremst í málsgrein geta hafist á u.þ.b. hvaða orði sem er.
  - að aðalsetningar tengjast með
    - aðaltengingum
    - kómmum
  - að aukasetningar tengjast með
    - aukatengingum 
    - öllum hv-spurnarorðunum.